

EFTIRTEKTARVERT TÍMARIT

I

The Occult Review heitir mánaðarrit, sem kemur út í Lundúnum (Rider & Co.); er hinn ytri frágangur á riti þessu vandaður mjög, og 44. bindið, sem nú er að verða lokið. — En að ég er að vekja eftirtekt á riti þessu kemur til af því, að í nóvemberheftinu er ritgerð sem heitir: The Nature of Sleep and Dreams. By Helgi Pjeturss, Ph. D. (Um eðli svefnis og drauma). Ritstjóri tímarits þessa, Mr. Harry J. Strutton, er gáfumaður mikill og frjálsslyndur, eins og marka má af því, að hann skuli hafa tekið ritgerð mína; því að þar er, þó að ég sé hinn mesti vin dulfræðinga, talað um dulræn fræði (Occultism) á þann hátt, sem sést annars ekki í þesskonar tímaritum. En orðin eru þannig (s. 329—30): „It is this unsuspected communication with the inhabitants of other planets — I am not referring to the planets of our solar system — which has given rise to the occult belief in other planes of being. The stagnation, which has for thousands of years characterised occult theories, is sufficient proof that an insight of the truth has not been attained. There will be no stagnation when the discoveries here indicated have been put to the test: Það er þetta samband við íbúa annarra jarðstjarna, er menn hafði ekki grunað — ég er hér ekki að tala um jarðstjörnurnar í voru sólhverfi — sem hin dulræna trú á önnur tilverusvið á rót sína í. Kyrrstaða sú, er þúsundum ára saman hefir einkennt dulræn fræði, er næg sönnun þess, að menn hafa þar ekki náð fram til sannleikans. Það verður ekki um neina kyrrstöðu að ræða, þegar uppgötvanir þær, sem drepið er á í grein þessari, hafa verið reyndar.“

Ágætur Englendingur, sem hafði lesið grein þá, er hér

ræðir um, skrifar mér um hana mjög loflega. Segir hann m.a.: Your sun is rising. En ég þýði það þannig: fyrir þér fer sólin að koma upp. Er gott að lesa slíkt, frá slíkum manni, fyrir þann, er lengi hefir lifað við það, sem varla verður komist hjá að kalla pindingar (eða slow torture, ef menn skilja það betur) og mjög þarf á sólskini að halda, til að ná kröftum, svo að unnt verði að vinna það verk, sem mjög er vandasamt, en mikið ríður á að unnið verði.

II

Það mun sýna sig, að það skiftir nokkru alla Íslendinga og fleiri þó, hvort Íslendingi, sem hugsar íslenskar hugsanir um framtíð mannkynsins, tekst að láta orð sín vekja eftirtekt um alla jörð. Er nú raunar með ólíkindum það, sem þegar er orðið í þessu efni — því að lítt hefir verið til stuðnings að líta, þar sem eru þeir íslenskir menn, bæði heima fyrir og í útlöndum, sem bestar ástæður hafa til að ljá máli mínu fylgi svo um munaði. Þykir mér gott til þess að hugsa, að síðar muni ég fremur hafa ástæðu til að lofa ýmsa landa mína, en orðið er ennþá. Og furðar mig satt að segja á því, að ýmsir hinir skrifandi menn skuli ekki hafa látið sér betur skiljast, hversu mikið gagn þeir geta haft af ritgerðum mínum. En nú er að sjá, hvernig Mr. Strutton reynist. En ég hefi því heitið með sjálfum mér, að gengi þess blaðs eða tímarits, er styður mig af fullum krafti og skilningi, skuli meira en tvöfaldast, hvort sem útlent er eða innlent, og má kalla mig ljótum nöfnum, ef ég stend ekki við það heit. Stend ég nokkuð vel að vígi með að vekja eftirtekt á mönnum og ritum, þar sem ég á kunningja frá Norður-Noregi til Suður-Afríku, og frá Kaliforníu austur eftir til Nýja Sjálands. Og lesendur sumra þessara kunningja minna skipta samtals millljónum. En mál það, sem ég vil fá menn til að styðja, er þannig vaxið, að þegar það nær fram að ganga, munu verða meiri framfarir í þekkingu á 3—4 árum, en á 300 árum áður.

12. des. 1926.